

**Sp.**

**612. Svar**

**[34. mál]**

menntamálaráðherra við fyrirspurn Hjörleifs Guttormssonar um kostnað og niðurskurð vegna gæslu í heimavistum og reksturs mótuneyta.

*1. Hversu mikinn kostnað ber ríkið vegna: a) gæslu í heimavistum, b) reksturs mótuneyta í grunnskólum?*

*Svar:*

- a. 15 800 þús. kr. á fjárlögum 1987.
- b. 46 000 þús. kr. á fjárlögum 1987.

*2. Hverjar eru tillögur menntamálaráðherra um niðurskurð á þessum kostnaðarliðum og breytingar á viðkomandi starfsemi?*

*Svar:*

Samkvæmt tillögum, sem menntamálaráðherra lagði fram í desember s.l., var gert ráð fyrir breyttri kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga við gæslu og mótuneyti. Við upphaf skólaárs 1987–88 skyldi ríkið greiða 50% launakostnaðar við gæslu og mótuneyti í heimavistum. Annar kostnaður skyldi greiddur af sveitarfélögunum, þar með talinn kostnaður við gæslu og mótuneyti nemenda í daglegum akstri.

*3. Hverjir eiga að taka á sig þann kostnað sem af umræddum niðurskurði leiðir?*

*Svar:*

Sveitarfélög, sbr. 2. lið svarsins.